

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra nr. 132/1971.

1. gr.

4. gr. 5. mgr. orðist svo:

Lögreglustjóra er heimilt að fengnum meðmælum Eiturefnanefndar að veita einstaklingum, er ekki hafa gild leyfisskírteini til kaupa á efnum og efnasamböndum í hættuflokki A, leyfi til kaupa á takmörkuðu magni slíkra efna og efnasambanda, ef sérstakar ástæður mæla með. Gegn innkaupaheimildum þessum má eigi láta úti oftár en einu sinni.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í 14. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968, öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 5. maí 1981.

Svavar Gestsson.

Ingimar Sigurðsson.

27. mars 1981.

Nr. 260.

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups, um að Hrafnseyrarsókn, sem nú tilheyrir Bíldudalsprestakalli í Barðastrandarprófastsdæmi, falli til Þingeyrarprestakalls í Ísafjarðarprófastsdæmi.

„Ráðuneytið vísar til bréfs yðar, háæruverðugi herra, varðandi beiðni sóknarmanna í Hrafnseyrarsókn í Bíldudalsprestakalli í Barðastrandarprófastsdæmi um að Hrafnseyrarsókn falli til Þingeyrarprestakalls í Ísafjarðarprófastsdæmi.

Með skírskotun til tillagna yðar, svo og samþykktu safnaðarfundar í Hrafnseyrarsókn og samþykktu héraðsfundar í Ísafjarðarprófastsdæmi og Barðastrandarprófastsdæmi, tekur ráðuneytið fram, samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 35 1970 um skipun prestakalla og prófastsdæma og um Kristnisjóð, að það samþykkir að Hrafnseyrarsókn falli til Þingeyrarprestakalls í Ísafjarðarprófastsdæmi.“

15. maí 1981.

Nr. 261.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum borgarráðs hefir eftirfarandi verið ákveðið.

1. Einstefnuakstur verður á Nýlendugötu til austurs frá Seljavegi að Ægisgötu.
2. Biðskylda verður á Einholti og Þverholti gagnvart umferð um Háteigsveg.

Ákvæði auglýsingar þessarar ganga í gildi 1. júní 1981.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 15. maí 1981.

Sigurjón Sigurðsson.